# Samstarfsyfirlýsing

**um viðtöku og meðhöndlun opinberra skjala á rafrænu formi, frá því að ná yfirliti um þau á myndunarstigi allt til þess að veita aðgengi að þeim þegar þau hafa verið tekin til varðveislu.**

Undirritaðir héraðsskjalaverðir fyrir hönd þeirra héraðsskjalasafna er þeir veita forstöðu lýsa yfir vilja til samstarfs við að framfylgja lögum og reglum er varða varðveislu opinberra skjala á rafrænu formi, með áherslu á að þau skjöl verði varðveitt og gerð aðgengileg á viðeigandi héraðsskjalasafni í samræmi við gildandi lög um opinber skjalasöfn.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu fylgja þessu eftir með því að viðhafa sameiginlega verkferla og verklag við viðtöku og meðhöndlun opinberra skjala á rafrænu formi og stofnsetja miðlægt móttökuver í umboði héraðsskjalasafnanna til viðtöku og prófunar á vörsluútgáfum þeim sem teknar verða til varðveislu. Einnig verði viðhaft samræmt verklag við að veita aðgengi að vörsluútgáfunum. Ráðgjafar og samstarfs verður leitað við NEA (Netværk for Elektronisk Arkivering) sem er stofnun danskra sveitarfélaga á þessu sviði.

Um framkvæmd og framgang samstarfsins fer samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

Akranesi, 14. nóvember 2022.

Birna Mjöll Sigurðardóttir, Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar.
Björk Hólm Þorsteinsdóttir, Héraðsskjalasafni Svarfdæla, Dalvík.
Erla Dís Sigurjónsdóttir, Héraðsskjalasafni Akraness.
Eyrún Helga Ævarsdóttir, Héraðsskjalasafni Austur-Skaftfellinga, Höfn í Hornafirði.
Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, Héraðsskjalasafninu Ísafirði.
Hrafn Sveinbjarnarson, Héraðsskjalasafni Kópavogs.
Heiðbrá Ólafsdóttir, Héraðsskjalasafni Rangæinga og Austur-Skaftfellinga, Skógum.
Hrefna Valdís Guðmundsdóttir, Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja.
Hrönn Hafþórsdóttir, Héraðsskjalasafni Fjallabyggðar, Siglufirði.
Jóhanna Skúladóttir, Héraðsskjalasafni Borgfirðinga, Borgarnesi.
Snorri G. Sigurðsson, Héraðsskjalasafni Þingeyinga, Húsavík.
Sólveig H. Benjamínsdóttir, Héraðsskjalasafni Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga.
Lára Ágústa Ólafsdóttir, Héraðsskjalasafninu Akureyri.
Sólborg Una Pálsdóttir, Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, Sauðárkróki.
Stefán Bogi Sveinsson, Héraðsskjalasafni Austfirðinga, Egilsstöðum.
Svanhildur Bogadóttir, Borgarskjalasafni Reykjavíkur.
Svala Runólfsdóttir, Héraðsskjalsafni Austur-Húnavatnssýslu, Blönduósi.
Valdís Einarsdóttir, Héraðsskjalasafni Dalasýslu, Búðardal.
Þorsteinn Tryggvi Másson, Héraðsskjalasafni Árnessýslu, Selfossi.